

Fundargerð, ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

9. fundur – þriðjudaginn, 23. nóvember kl. 12.00 – 13.00 á TEAMS

Mættir: Andri Ómarsson (Hafnarfjarðarbær), Hulda Hauksdóttir (Garðabær), Huguína Ósk Ólafsdóttir (Mosfellsbær), María Björk Óskarsdóttir (Seltjarnarnes), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (Reykjavíkurborg), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Jón Kjartan Ágústsson (SSH) og Inga Hlín Pálsdóttir (SSH). Ekki mættir: Kjartan Sigurðsson (SVÞ), Ármann Kr. Ólafsson (Kópavogur) og Þórir Garðarsson (FSH). Fundarritari: Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi.

Þetta gerðist:

IHP upplýsti að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur samþykkt að koma með stuðning, 12 m.kr. sem nýttar verði til að setja á fót samstarfsvettvang sveitarfélaga og atvinnulífsins til undirbúnings stofnunar áfangastaða- og markaðsstofu í lok árs 2022. Tók ráðherra fram að koma yrði skýrt fram að um einskiptisaðgerð væri að ræða og að ekki yrði framhald á stuðningi ef ekki yrði af stofnun áfangastaðastofu. Sérstakur samningur yrði þá gerður milli SSH og ráðuneytisins sem myndi byggja á öðrum samningum við landshlutasamtök.

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins og Samtök ferðaþjónustunnar hafa samþykkt hvor að koma með allt að 1 mkr. í samstarfsvettvanginn. IHP á fund með Samtökum verslunar og þjónustu til þess að ræða það sama við þau.

IHP fór yfir fyrstu drög að samningi og tillögu að breytingum miðað við þær forsendur sem hafa verið gefnar hingað til varðandi verkefnisstjórn og stefnuráð.

Á fundinum kom skýrt fram að þess væri óskað að starf verkefnisstjóra yrði auglýst ásamt því að aðkomu ráðgjafahópsins að ráðningu s.s. að tveir fulltrúar úr hópnum væru fengnir með í ráðningarferlið. Einnig að það væri sett upp skýr verklýsing fyrir viðkomandi verkefnisstjóra.

Umræður sköpuðust um nýjar tillögur er varðaði verkefnisstjórnina. Það þykir ekki vænlegt að tengja hana svona sterkt við stefnuráðið og lagt til að ráðgjafahópurinn muni frekar starfa áfram sem ákveðin verkefnisstjórn upp á tímalínur að gera. Þetta þarf hins vegar að skoða með tilliti til þess að bæði SSH og ráðgjafa telja að það þurfi að vera sterkara pólitískt bakland í ráðgjafahópnum ásamt því að hópurinn telur níu manns í dag. Ef horft er til stefnuráðsins þá eru þar 19 manns í dag. IHP mun skoða betri útfærslu á þessu þannig að ekki verði gat í verkefninu í framhaldinu.

Sérstök umræða var einnig um stefnuráðið. Hópurinn telur æskilegt að lögð verði áhersla á að tilnefningar í stefnuráðið séu pólitískt kjörnir fulltrúar ásamt fólki frá sveitarfélögunum með þekkingu á ferðamálum. Einnig var því velt upp að mögulega sé aðeins hægt að tilefna í stefnuráðið til hálfis árs í senn.

IHP mun setja upp nýja tillögu og senda á hópinn.

Næsti og síðasti fundur fyrir stjórnarfund SSH, 6. des verður 30. nóv. kl. 11.00.

Fundi slitið kl. 13.00.